



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Dalabyggð  
Þórður Már Sigfússon  
skipulagsfulltrúi  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Stykkishólmur, 12. maí 2022  
MÍ202205-0078/ 6.09 / M.A.S.

## Efni: Dalabyggð. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal við Gilsfjörð

Með tölvubréfi dagsettu 11. apríl síðastliðinn óskaði Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi Dalabyggðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal við Gilsfjörð. Meðfylgjandi voru eftirfarandi skipulagsgögn; greinagerð (18.03.2022), skýringaruppráttur (18.03.2022), og deiliskipulagsuppráttur (02.03.2022). Deiliskipulagssvæðið er stækkað upp í 165ha en markmið skipulagsins er sem fyrr verndun og viðhald menningarlandslags í Ólafsdal og uppbygging menningartengdrar ferðaþjónustu, og er stækkun deiliskipulagssvæðisins liður í þeirri uppbyggingu.

Fornleifaskráning var gerð í Ólafsdal árið 2018 (Birna Lárusdóttir, et.al 2018. *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð. Fornleifaskráning með Landsháttagreiningu.* Fornleifastofnun Íslands). Fornleifar hafa verið skráðar á allri jörðinni á því svæði sem deiliskipulagið nær til.

Eins og kemur fram í greinagerðinni þá eru innan girðingar svæði sem geta hentað til skógræktar og eru þau afmörkuð á uppdrætti. Svæðin eru afmörkuð með tilliti til minjaskráningar, en 3 minjastaðir virðast vera í hættu vegna fyrirhugaðar skógræktar.

**DA-198:026** garðlag túngarður 372487 549842  
Rúmlega 20 m vestan við Goðastein 035, í túni, er mjög lágt og lítið áberandi garðlag....

**DA-198:031** Grjótnátthagi gerði nátthagi 373014 545317  
„Innan við Orustuhlíð er nátthagi, sem heitir Grjótnátthagi, hlaðinn af Torfa [Bjarnasyni],“ segir í örnefnalýsingu....

**DA-198:116** garðlag túngarður 372758 549608  
Óljósar leifar af garðlagi sjást beint norðaustan við bæjarhól 001, norðaustan við skurð sem þar er. Leifar þess sjást líka vestan skurðar, um 30 m norður af norðausturhluta bæjarhóls....

**Magnús A Sigurðsson**  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is

Óheimilt er að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands auk þess sem þær njóta 15m friðhelgunarsvæðis skv. 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Mikilvægt er því að taka tillit til skráðra minja innan svæðisins, útfærslu á t.d. göngustígum, veitulögnum og frágangi lóða.

Minjastofnun Íslands getur ekki samþykkt breytingartillöguna eins og hún hefur verið kynnt fyrir stofnunina. Afmarka þarf þessa 3 staði ásamt 15m friðhelgunarsvæði. Að því loknu þarf breytingartillagan að berast Minjastofnun aftur til umsagnar.

Virðingarfyllt,



Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsfulltrúa [skipulag@dalir.is](mailto:skipulag@dalir.is)

Skipulagsstofnun [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)